



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um göngu- og hjólastíga

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. janúar 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins vill koma því á framfæri að hjóla- og göngustígar eru jákvæð skref í umhverfismálum og nauðsynlegt í uppbyggingu hverfa. Hins vegar þarf að gæta aðhalds í þessu eins og öðru enda fjárhagsstaða Reykjavíkurborgar ekki góð. Flokkur fólksins hefur því áhuga á að vita hvort að könnuð sé arðsemi framkvæmda sem farið er í. Hefur Reykjavíkurborg gert könnun á notkun á reiðhjólum á nýjum reiðhjólástígum og þ.m.t. á stígum gatna sem hafa verið þrengdar til að koma fyrir hjólastígum? Hefur verið könnuð notkun reiðhjóla eftir að búið er að þrengja götur til að koma fyrir hjólastígum? Heyrst hefur að slík könnun hafi verið gerð um notkun reiðhjóla á Grensásvegi.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar 8. febrúar 2023.

Svar:

Arðsemi einstakra framkvæmda á verkefnum hjólreiðaáætlunar hefur ekki verið könnuð en samfélagsleg arðsemi þess að bæta aðstæður til að ganga og hjóla er vel þekkt þar sem stærsti áhrifaþátturinn er heilsufarsávinningur þeirra sem nýta innviðina. Þar fyrir utan er það ein áhrifaríkasta leiðin til að breyta ferðavenjum og vinna að kolefnishlutleysi samfélagsins að bæta aðstæður til að ganga og hjóla. Notkun á hjólastígum er talin með hjólateljurum sem eru á mörgum stöðum í borginni en til viðbótar er talið með færanlegum teljara. Hægt er að sjá þær tölur inni á borgarvefsjá. Yfirlit yfir samanlagða niðurstöðu fastra teljara síðustu fimm ára er hjálögð. En staðsetningu teljaranna má einnig sjá á hjálagðri mynd.

Á meðfylgjandi mynd má sjá niðurstöðu hjólatalninga á Grensásvegi undanfarin ár en eins og sést þá hefur fjöldi hjólandi aukist þar aukist á undanförunum árum.

Beðist er velvirðingar á því hve seint svör berast.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri

Hjálagt:

Kort með niðurstöðum talninga hjólandi vegfarenda á Grensásvegi

Samantekt á niðurstöðum talninga á föstum talningastöðum reiðhjóla á höfuðborgarsvæðinu

Yfirlitskort sem sýnir hvar fastir hjólateljarar eru á höfuðborgarsvæðinu (blá tákn) og hvar viðbótartalningar hafa verið gerðar (græn tákn).



